

Mál nr. 10/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 21. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 10/2011 (1)

X gegn Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 11. apríl 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin eða rakkinn hefðu gild augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 2. maí 2011 og henni gefinn andmælafrestur til 30.maí. Andmæli dags. 8. maí bárust og var afrit af þeim sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Var kærðu Y þá sent boð á sáttafund hinn 8. nóvember með ábyrgðarpósti dags. 19. október. Kærða Y sem býr utan höfuðborgarsvæðisins hafði samband við siðanefnd og kvaðst ekki hafa tök á því að koma á sáttafund í Reykjavík og var henni boðið að halda með henni fund gegnum fjarfundabúnað sem hún þáði. Á fundinum var eiginmaður Y, YYY fulltrúi hennar, en þar reifuðu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir og þar sem siðanefnd taldi að ekki kæmu fram frekari gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta, ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin XX pöruð við rakkann YY í desember 2010 án þess að tíkin eða rakkinn hefðu gild augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu rottweiler og er tíkin í eigu kærðu Y&YYY. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða Y svaraði því til að tíkin hafi verið haldin svokallaðri gervioléttu og að henni hafi verið bent á að það gæti mögulega lagast ef hún yrði pöruð. Tíkin hafði áður komið vel út úr olnboga- og mjaðmamyndum og taldi kærða Y það vera einu skilyrðin sem HRFÍ hefði sett varðandi pörun hunda af þessu hundakyni og taldi hún sig alfarið hafa farið að settum reglum. Kærða Y hafi því þótt það mjög miður er hún komst að því að hundarnir þyrftu að hafa gilt augnvottorð fyrir pörun. Hún hafi þá strax og því var við komið farið með tíkina í augnskoðun sem fór fram 25. mars 2011.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið rottweiler:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2010).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað í desember 2010 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu rottweiler skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða Y hefur upplýst að hafa ekki kynnt sér reglurnar nægilega vel. Siðanefnd telur það ekki vera afsökun að þekkjja ekki reglurnar, þær eru settar með það að markmiði að aðeins sé ræktað undan heilbrigðum dýrum og þó að tíkin hafi staðist augnskoðun eftirá þá gat hún ekki séð það fyrir. En kærða Y hefur ekki svo vitað sé gerst brotleg áður og er það því áminning talin viðeigandi og hæfileg refsing.

IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.
Kærða Y er áminnt.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir